



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 132/322

komudagur 30.11.2005

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2005
Tilvísun:2005110056

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 44. mál, bankastjórar, peningastefnunefnd.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 44. mál, bankastjórar, peningastefnunefnd.

Markmiðið með frumvarpinu er að tryggja að faglega sé staðið að ráðningu Seðlabankastjóra og beitingu stjórnækja Seðlabankans í peningamálum og þannig verði stuðlað að sjálfstæði bankans og trúverðugleika.

Í núgildandi lögum um Seðlabanka Íslands eru engar sérstakar kröfur gerðar til reynslu eða menntunar Seðlabankastjóra. Það er alfarið sett í hendur þess sem skiptar í embættið, forsætisráðherra, að velja fólk í embættið og er ráðherra í sjálfsvald sett að ákveða hvaða kosti hann leggur til grundvallar við skipun bankastjóra.

Til að tryggja sjálfstæði og trúverðugleika bankans er mikilvægt að bankastjórar hans séu valdir á faglegum forsendum. ASÍ styður því að sett verði í lögum um Seðlabankann ákvæði um hæfi og reynslu bankastjóra ásamt ákvæði um því að stöðurnar skuli auglýstar opinberlega. Það þarf samt sem áður að gæta þess að setja ekki of þröngar skorður á hæfni og reynslu umsækjanda. Er því lagt til að gerð verði eftirfarandi breyting á orðalagi 2. gr. frumvarpsins og í stað

„Bankastjóri skuli hafa reynslu og víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum efnahagsmálum.“

komi

„Bankastjóri skuli hafa reynslu og víðtæka þekkingu á efnahags- og atvinnumálum á Íslandi.“

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar sérstök peningastefnunefnd, sem hefur ákvörðunarvald um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum.

Alþýðusambandið telur hins vegar að það sé ekki nægilegt að setja á laggirnar peningastefnunefnd, sem eingöngu er skipuð aðilum úr bankanum. Alþýðusambandið hefur ítrekað bent á að ákvarðanir bankans í peningamálum hafa afgerandi áhrif á atvinnulífið, atvinnustig og afkomu launafólks. Það er því mikilvægt að tryggja aðilum vinnumarkaðarins

aðkomu að ákvörðunum í peningamálum. Alþýðusambandið leggur því til að peningastefnunefndin verði fjölmennari og verði ekki aðeins skipuð aðilum úr bankanum heldur einnig skipuð aðilum utan bankans, svo sem aðilum vinnumarkaðarins. Má benda á að slíkt fyrirkomulag er við Evrópska Seðlabankann, Seðlabankann í Bretlandi (e. Bank of England) og Bandaríska Seðlabankann.

Alþýðusambandið tekur undir meginatriði frumvarpsins en þó með þeim breytingum að ekki verði sett of þröng skilyrði fyrir hæfi og reynslu bankastjóra Seðlabankans og að peningastefnunefndin verði einnig skipuð aðilum utan bankans, svo sem aðilum vinnumarkaðarins.

F.h. Alþýðusambands Íslands,



Ingunn S. Þorsteinsdóttir
Hagfræðingur hjá ASÍ

Nefndasvið Alþingis
b.t. Hlínar L. Sigfúsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 132/136
komudagur 24.11.2005

21. nóvember 2005
Tilvísun: 2005110042


Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um Seðlabanka Íslands, 44. mál, bankastjórar, peningastefnunefnd.


Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 10. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 44. mál, bankastjórar, peningastefnunefnd. Með frumvarpinu er lagt til að stöður Seðlabankastjóra verði auglýstar og gerðar kröfur um reynslu og þekkingu á sviði peninga- og efnahagsmála. Þá er gerð tillaga um að ákvörðunarvald um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum verði flutt til sérstakrar peningastefnunefndar sem í sitji bankastjórn og þrír af yfirmönnum bankans á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu í peningmálum.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og tekur ekki afstöðu til efnis þess.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITID


Jónas Fr. Jónsson


Björg Fenger



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Alþingi
Erindi nr. P 132/137
komudagur 24.11.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. nóvember 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 44. mál

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 10. nóvember 2005 þar sem nefndin sendir til umsagnar frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 44. mál.

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík þakkar fyrir að vera gefinn kostur á að gefa álit á ofangreindu frumvarpi.

Meginefni frumvarpsins er annars vegar að lagt er til að ákvarðanir um beitingu stjórnþækja Seðlabankans í peningamálum verði teknar af sérstakri peningastefnunefnd. Nefndin skal starfa á grundvelli starfsreglna staðfestum af bankaráði. Birta skal ákvarðanir peningastefnunefndar og forsendur þeirra. Nánar er fjallað um skipan og störf nefndarinnar í frumvarpinu. Á hinn bóginn er lagt til að bankastjórar Seðlabanka Íslands skuli hafa reynslu og víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum efnahagsmálum og ráðnir á grundvelli auglýsingar.

Það viðhorf er nú viðtekið að stjórn peningamála sé mikilvægur þáttur hagstjórnar og að hún skuli einkennast af gagnsæi og trúverðugleika enda er henni ætlað að hafa áhrif á markaði og væntingar almennings og fyrirtækja. Hafa stjórnvöld víða um heim kostað kapps um að treysta starfsemi seðlabanka í þessu ljósi. Seðlabanki Íslands hefur fetað sig í átt til aukins gagnsæis síðustu ár og með með nýlegri breytingu á sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnar og bankans er stigið skref í þá átt. Gagnsær ferill við ákvarðanir stjórnvalda á sviði peningamála gegnir lykilhlutverki og um leið aðgerðir sem styrkja trúverðugleika seðlabanka. Skiptir þar miklu að stjórn bankans og vinnubrögð hans öll einkennist af faglegri þekkingu á sviði peningamála og hagstjórnar.


Meginmarkmið frumvarpsins sýnast ganga í þá átt sem hér hefur verið lýst og ber því að taka undir þau.

Í 1. og 3. grein frumvarpsins er rætt um peningamálanefnd og skipan hennar. Við ákvarðanatöku um beitingu stjórnækja peningamála er nauðsynlegt að tryggja að öll helstu sjónarmið komi fram. Viðskiptadeild HR telur að fjölskipuð nefnd sé best til þess fallin að tryggja að sem víðust sjónarmið séu reifuð áður en ákvörðun er tekin. Enga nauðsyn ber til að peningastefnunefnd sé einungis skipuð starfsmönnum Seðlabanka, heldur eru fordæmi fyrir því að sérfræðingar utan seðlabanka taki þátt í slíkri ákvarðanatöku. Viðskiptadeild HR styður því stofnun peningastefnunefndar til að koma að ákvörðun um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum, en telur að skipan hennar þurfi ekki einskorðast við starfsmenn Seðlabanka Íslands.


Í 2. grein frumvarpsins er kveðið á um að auglýst skuli eftir umsóknum um stöðu bankastjóra og í greinargerð segir að tryggja þurfi að faglega skuli staðið að ráðningu seðlabankastjóra. Viðskiptadeild HR tekur undir að nauðsynlegt sé að standa faglega að ráðningu seðlabankastjóra og tryggja að hæfasti einstaklingurinn sé ráðinn. Viðskiptadeild telur hins vegar að auglýsing ein og sér tryggi ekki að sú verði niðurstaðan. Í ljósi viðurkenndra sjónarmiða í mannauðsstjórnun þarf að tryggja að ráðningarferlið allt miði að þessu sama markmiði. Þannig þurfi í upphafi ráðningarferils að liggja fyrir þær kröfur sem gerðar eru til umsækjenda og hvaða þættir verði lagðir til grundvallar við að gera upp á milli hæfra umsækjenda. Þá þarf að tryggja að nægilega margir hæfir einstaklingarnir sækji um stöðuna, að sambærilegt og ítarlegt mat verði lagt á alla umsækjendur sem uppfylla settar kröfur og að ákvörðun um ráðningu verði tekin á málefnalegum grundvelli í ljósi hæfis umsækjenda.

Með virðingu,

fyrir hönd Viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík



Þorlákur Karlsson, deildarforseti



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 132/85
komudagur 18.11.2005

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17.11.2005
Tilvísun 111
ÁSK

Efni: Umsögn um 44. mál, bankastjórar – peningastefnunefnd

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 10. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, bankastjórar, peningastefnunefnd.

Kauphöll Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Árnína S.K.
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.

Alþingi
Erindi nr. P 132/321
komudagur 30.11.2005

Nefndasvið Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 28. nóvember 2005.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001. 132. löggjafarþing 2005 – 2006. Þskj. 44 - 44. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 10. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar. Telur nefndin að þar sem málið sé pólitísku eðlis, falli það ekki að hlutverki nefndarinnar að láta í té umsögn um það.

Virðingarfyllt,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður



Alþingi
Erindi nr. P 132/73
komudagur 18.11.2005

17. nóvember 2005
SÍ-25859

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 10. nóvember 2005 óskaði efnahags- og viðskipta- nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 44. mál, bankastjórar, peningastefnunefnd.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands minnir á að í nefndinni sem samdi frumvarp það sem varð að lögum nr. 36/2001 var fullur einhugur um efni þess. Í lögnum var bankastjórn, sem í sitja þrír bankastjórar, falið ákvörðunarvald í peningamálum auk stjórnar bankans að öðru leyti. Í 24. gr. lagana var einnig kveðið á um að bankastjórn setti starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum.

Í greinargerð með frumvarpinu sagði um þennan málslið:

„Til þess að tryggja að ætíð séu viðhöfð bestu fagleg vinnubrögð við mótun og framkvæmd peningastefnunnar, í ljósi ákvæðanna um meginmarkmið stefnunnar samkvæmt 3. gr., þykir rétt að festa í lög ákvæði um að sérstakar starfsreglur gildi um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana bankastjórnar í peningamálum. Hér er t.d. átt við verkferli sem gilda við undirbúning ákvarðana, við hvaða upplýsingar skuli stuðst og eftir atvikum hvaða embættismenn bankans aðrir en bankastjórar taki þátt í því ferli þótt á endanum sé það bankastjórn sem formlega tekur ákvörðun. Mikilvægt er einnig að gera skýra grein fyrir ákvörðunum bankastjórnar, sérstaklega þeim sem varða beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum. Þær skal birta opinberlega þannig að skýrt sé á hvaða forsendum þær byggjast og hvað í þeim felst. Með ákvæðum þessarar greinar er leitast við að tryggja að ákvarðanir bankastjórnar séu ætíð reistar á eins faglegum grunni og kostur er, að peningastefnan sé gagnsæ og að bankastjórn standi reikningsskil gerða sinna gagnvart stjórnvöldum og almenningi.”

Í næstu málsgrein sagði:

„Í nefndinni sem samdi frumvarpið var rætt hvort kveða skyldi á um sérstaka peningastefnunefnd sem í sætu fleiri en bankastjórar sem færi með ákvörðunarvald í peningamálum. Niðurstaðan varð sú að gera það ekki heldur að fela bankastjórn ákvörðunarvaldið en jafnframt að fela henni að setja starfsreglur um ákvörðunarferil peningamála sem lýst er í málsgreininni hér að framan.”

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Starfsreglurnar sem kveðið er á um í 24. gr. laganna voru settar í ársbyrjun 2002 (birtar í febrúarhefti *Peningamála* 2002). Eftir þeim hefur verið starfað í einu og öllu og þær reynst vel.

Í kynningu á starfsreglunum í *Peningamálum* í febrúar 2002 var m.a. sagt að þær yrðu endurskoðaðar eftir því sem tilefni gæfist til. Meðal annars kæmi til álita þegar tímar liðu að ákveða fyrirfram og tilkynna opinberlega daga þegar bankastjórn metur og ákveður hvort aðgerða sé þörf í peningamálum líkt og gert er víða annars staðar. Endurskoðun reglnanna hefur staðið yfir um nokkurt skeið, ekki sist með það í huga að ákveða og tilkynna fyrirfram vaxtaákvörðunardaga bankastjórnar. Í þessu sambandi er rétt að rifja upp að enda þótt útgáfudagar *Peningamála* hafi ekki verið formlegir vaxtaákvörðunardagar hefur í reynd verið tekið að líta á þá sem slíka af þeim sem láta sig varða stefnuna í peningamálum. Bankastjórn hefur þó breytt vöxtum hvenær sem hún hefur talið tilefni til á milli útgáfudaga *Peningamála* eins og dæmi sanna.

Í tengslum við breytingu á sameiginlegri yfirlýsingu ríkistjórnarinnar og Seðlabankans frá mars 2001 sem gerð var föstudaginn 11. nóvember sl. tilkynnti bankastjórn Seðlabankans að ákveðið hefði verið að taka upp sérstaka vaxtaákvörðunardaga frá og með árinu 2006. Áformum þessum verður nánar lýst í *Peningamálum* sem gefin verða út föstudaginn 2. desember nk.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands kýs að tjá sig ekki um efni frumvarpsins að öðru leyti.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLAND



Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar



Jón Sigurðsson
bankastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/320
komudagur 30.11.2005



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 28.11.2005
Tilv. 2005/0042 - 4.0
GT

Efni: Boð um umsögn um 44. mál, Seðlabanki Íslands, bankastjórar og peningastefnunefnd (132. löggjafarþing)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 10. nóvember sl., varðandi ofangreint mál.

Með hliðsjón af þeim lagaramma sem gildir um embætti talsmanns neytenda (6. gr. laga nr. 62/2005) og þeim sjónarmiðum sem talsmaður neytenda miðar við til forgangsroðunar er boð yðar um bréflaga umsögn um mál þetta vinsamlegast afþakkað.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,


Gísli Tryggvason

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrir mælum frá öðrum



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 132/122
komudagur 23.11.2005

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2005.


Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 36/2001 um Seðlab. Ísl. (44. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem fjallar um það að auglýsa skuli stöðu seðlabankastjóra og að sett verði á laggirnar sérstök peningamálanefnd.

Það eru 1., 3. og 4. gr. frumvarpsins sem varða stofnun svonefndrar peningamálanefndar sem myndi taka meiriháttar ákvarðanir varðandi peningamálastefnu bankans. Í nefndinni eiga að sitja, skv. frumvarpinu, auk bankastjórnar, þrír aðrir yfirmenn bankans. Viðskiptaráð sér enga ástæðu til að lögfesta þessi ákvæði enda er bankastjórn treystandi til að taka ákvörðun um það sjálf í hve miklum mæli og með hvaða hætti hún leitar leiðsagnar annarra starfsmanna bankans. Telur ráðið að hér sé um of mikið inngrip í innanstofnunar málefni bankans sem skerði sjálfstæði hans.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti, þ.e. 2. gr. þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson